

## Berlínarferð Karlakórs Kjalnesinga

Karлакór Kjalnesinga var stofnaður 1991 af nokkrum félögum af Kjalarnesi og Kjós. Páll Helgason hefur stjórnað kórnum frá upphafi en hann hefur haft mikil áhrif á tónlistar- og menningarlíf í Kjósarsýslu. Kórinn hefur á að skipa 40 söngmönnum og er æfingaaðstaða kórsins að Fólkvangi á Kjalarnesi. Kórfélagar koma hins vegar víða að, margir hverjir úr Mosfellsbæ.

Þann 4. – 7. apríl fór kórinn í söngferðalag til Berlínar undir dyggri leiðsögn Óttars Guðmundssonar læknis. Markmið ferðarinnar var, eins og gjarnan er í söngferðum, að láta reyna á æfingar vetrarins en ekki síður að eiga góða stund með kórfélögum og mökum. Fyrirhugað var að kórinn héldi tvenna tónleika, þá fyrri í Heilig Kreuz kirkjunni og þá seinni í sendiráði Íslands í Berlín. Hápunktur ferðarinnar varð hins vegar óvænt tækifæri til að sjá um athafnasöng í sunnudagsmessu í (man ekki hvað kirkjan heitir) en þar hófust mótmælin sem leiddu til hruns Berlínarmúrsins alræmda. (hugsanlega þarf betri mynd, sendi fleiri með)



Fimmtudaginn 24. apríl kl. 20 og laugardaginn 26. apríl kl. 16. heldur kórinn sína árlegu vortónleika en að þessu sinni verða þeir haldnir í Árbæjarkirkju. Fyrstu tónleikar kórsins voru haldnir 1999 og er þetta því tíunda vorið sem kórinn heldur tónleika. Á efniskrá eru sígild karlakórslög sem og léttari dægurlög. Stjórnandi kórsins er Páll Helgason en hann hefur verið stjórnandi frá upphafi. Undirleikari er Lára Rafnsdóttir en hún hefur verið undirleikari á flestum vortónleikum Karlakórs Kjalnesinga.

Einsöngvarar eru þrír, Ib Göttler, tenór, Sigurður Hansson, tenór og Sveinn Einar Magnússon, baritón. Í nokkrum lögum spilar hljómsveitt kórsins undir en hana skipa Hlynur Þórisson á gítar, Andri Þór Gestsson á gítar og Jón Bjarni Jónsson á bassa.

Unnendur fagra tóna og gleðistunda eru hvattir til að mæta en miðar verða seldir við innganginn og er miðaverð kr. 2.000.









